

Nefndarálit

um till. til þál. um að leggja niður Þjóðhátíðarsjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er kveðið á um starfslok Þjóðhátíðarsjóðs sem stofnaður var í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi árið 1974.

Þar sem ráðstöfunartekjur sjóðsins hafa dregist verulega saman og ekki hafa fundist aðrir tekjumöguleikar fyrir hann er í samræmi við 11. gr. skipulagsskrár sjóðsins lagt til að heimilað verði að leggja niður starfsemi sjóðsins frá og með árinu 2011.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 8. des. 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson,
varaform., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Björgvin G. Sigurðsson.

Birgir Ármannsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Þórdís Sigurðardóttir.